



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. P 143/1183
komudagur 3.3.2014

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 27. febrúar 2014.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um hert viðurlög við ölvunar- og vímuefnaakstri, 182. mál, þingmannatillaga.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 11. desember sl. þar sem óskað er álitis Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um hert viðurlög við ölvunar- og vímuefnaakstri, 182. mál á 143. löggjafarþingi.

Eins og fram kemur í greinargerð tillögunnar er markmið hennar að leitast við að fækka þeim tilfellum þegar ökumenn aka undir áhrifum áfengis og/eða vímuefna. Í tillögunni felst að innanríkisráðherra verði falið að skipa starfshóp til að endurskoða viðurlög við ölvunar- og vímuefnaakstri með það að markmiði að fækka slíkum tilfellum. Nokkrar leiðir eru nefndar í tillögunni sem nefndinni er ætlað að skoða sérstaklega. Er þar nefnd lækkun refsimarka ölvunaraksturs úr 0,5 prómillum í 0,2 prómill, námskeið um alvarleika ölvunar- og vímuefnaaksturs, hækkun sektargreiðslna og að hluti þeirra renni í forvarnasjóð og ný úrræði eins og áfengislása, sem settir eru í bifreiðar. Bifreiðin fer ekki í gang nema búið sé að blása í tækið og ef vínandi finnst fer hann ekki í gang. Þetta úrræði er einkum hugsað gagnvart þeim sem ítrekað hafa ekið undir áhrifum áfengis eða vímuefna. Tillagan gerir ráð fyrir að frumvarp um hert viðurlög verði lögð fyrir Alþingi eigi síðan en á vormánuðum 2014.

LÍ tekur undir með tillöguhöfundum að mikilvægt sé að draga úr ölvunar- og vímuefnaakstri með öllum tiltækum leiðum. LÍ telur sérstaklega jákvætt að leita nýrra úrræða í þessu sambandi. LÍ telur líklegt til árangurs að lækka refsimörk ölvunaraksturs frá því sem nú er. Í greinargerð tillögunnar er bent á að þetta hafi þegar verið gert í Svíþjóð og Noregi.

LÍ styður því framkomna þingsályktunartillögu en bendir á að tímamörk hennar varðandi framlagningu lagafrumvarps eru óraunhæf.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson,
formaður.